



Reykjavík, 13. apríl 2021
PON21040006

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja átaksverkefni í teikningaskönnun.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja átaksverkefni í teikningaskönnun. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hönnun og umbreyting þjónustu / U-TEIKNISK. Áætlaður framkvæmdartími er apríl 2021 t/m desember 2023.

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 13. apríl 2021.

Virðingarfyllst,

Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir,
skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

Reykjavík, 13. apríl 2021
PON21040006

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

Efni: Heimild til að hefja átaksverkefni í teikningaskönnun.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja átaksverkefni í teikningaskönnun. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hönnun og umbreyting þjónustu / U-TEIKNISK. Áætlaður framkvæmdartími er apríl 2021 t/m desember 2023.

Greinargerð:

Mikil eftirspurn er eftir teikningum á rafrænu formi af notendum, bæði almenningi og fagaðilum eins og iðnaðarmönnum, borgarstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum. Teikningaskönnun er brýnt verkefni en yfir milljónir ákveðinna tegundir teikninga hafa ekki verið færðar á stafrænt form og því aðeins aðgengilegar á pappírformi.

Mikilvægt er að koma öllum tegundum teikninga á vef borgarinnar og gera þær aðgengilegar öllum hagaðilum ásamt því að tryggja langtíma varðveislu. Að skönnun teikninga lokinni verður einungis tekið við teikningum með rafrænum hætti hjá borginni.

Verkefnið skiptist í;

a) verkfræðiteikningar sem ná yfir allar teikningar nema aðaluppdrætti og falla þar undir burðarþolsteikningar, lagnateikningar, raflagnateikningar frá 2008 og yngri, sérteikningar, verkfræðiteikningar s.s. málsettar smíðateikningar sem varðveittar eru í skjalageymslu á Höfðatorgi. Brýn þörf er á að skanna, skrá og gera teikningarnar aðgengilegar á teikningavef borgarinnar til að auka aðgengi að þeim ásamt því að ganga frá þeim í viðeigandi umbúðir og tryggja framtíðarvarðveislu.

b) raflagnateikningar frá 2007 og eldra sem varðveittar eru í Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Skanna þarf þær og skrá ásamt því að gera teikningarnar aðgengilegar á vef og einnig ganga frá í viðeigandi umbúðir til framtíðarvarðveislu.



Stafrænt aðgengi tryggir jafnt aðgengi fyrir alla og felur í sér umtalsverða hagræðingu fyrir fagaðila s.s. byggingariðnaðinn, og borgina til framtíðar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 45 milljónir á ári til þriggja ára, sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars s.l. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: Stafræn umbreyting – hönnun og umbreyting þjónustu / U-TEIKNISK

Virðingarfyllt,

Gunnhildur Lilja Sigmundsdóttir,
skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar